



Samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar

1. gr. Samráðsvettvangur

Öldungaráð er samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins Akureyrarbæjar.

Á vettvangi öldungaráðs fer fram samráð um almenna stefnumótun og áætlanagerð Akureyrarbæjar í málum sem varða íbúa sem eru 67 ára og eldri.

2. gr. Verkefni öldungaráðs

Öldungaráð Akureyrarbæjar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráð fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar og skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Akureyrarbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Akureyrarbæjar við hagsmunasamtök eldri borgara, móta stefnu og gera tillögur sem varða verksvið þess.

Öldungaráð er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi Akureyrarbæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við samfélagsvið Akureyrarbæjar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sviða til bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Öldungaráð fær til umsagnar þau málefni, sem varða stefnumótun og þjónustu við eldri borgara.

Öldungaráð getur komið með tillögur til bæjarstjórnar um fyrirkomulag öldrunarþjónustu, þ.m.t. skipulag hennar.

Öldungaráð getur jafnframt sent erindi til yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands um fyrirkomulag þjónustunnar, þ.m.t. skipulag hennar.

3. gr. Samþykktar reglur og stefnur

Öldungaráð starfar í samræmi við stefnumörkun og almennar samþykktir Akureyrarbæjar.

4. gr. Um skipan öldungaráðs

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í öldungaráð til fjögurra ára og þrjá til vara.

Félag eldri borgara Akureyri skal skipa þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

Einn fulltrúi skal skipaður af Heilbrigðisstofnun Norðurlands og einn til vara.

Bæjarstjórn kýs formann öldungaráðs en ráðið kýs varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þeir sem skipa í ráðið skulu hver um sig gæta kynjajafnréttis.

5. gr. Verkaskipting, fundarskipulag, fundarritun o.fl.

Akureyrarbær sér öldungaráði fyrir fundaraðstöðu. Fræðslu- og lýðheilsusvið tilnefnir starfsmann öldungaráðs en starfsmaður ritar fundargerðir ráðsins. Ráðið getur boðað sviðsstjóra Akureyrarbæjar til fundar.

Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fram til afgreiðslu í bæjarráði.

Öldungaráð skal að jafnaði halda sex til átta fundi árlega. Bæjarstjórn skal halda árlegan fund með öldungaráði.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við starfsmann ráðsins og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Akureyrarbæjar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun funda og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í öldungaráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar eftir því sem við á og verklagsreglum um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

6. gr. Lagastoð og samþykki

Samþykkt þessi er sett með stoð í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Samþykkt þessi öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar.

Samþykktina skal endurskoða fyrir árslok 2020 og síðan í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar – samþykkt í bæjarstjórn 19. febrúar 2019

Endurskoðaðar af öldungaráði á 31. fundi ráðsins þann 9. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarráði 16. nóvember 2023